# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit í Sveitarfélaginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 7.000 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 10.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun. Heimilt er að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið, s.s. vegna takmarkaðrar starfsemi, vottaðs gæðakerfis eða öflugs innra eftirlits og lækka gjaldið til samræmis. Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur. Um starfsemi sem er eftirlitsskyld og ekki kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á. | |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks. | |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á. | |

Önnur leyfi:

| | |
|---|---|
| Leyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs. | |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness, 6. desember 2007, bæjarstjórn Garðabæjar, 6. desember 2007, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, 27. nóvember 2007 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar, 18. desember 2007, skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1129/2006 fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit í Sveitarfélaginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ.

*Garðabæ, 19. desember 2007.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

VIÐAUKI A

**með gjaldskrá heilbrigðis og mengunareftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.**

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýna-fjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 926200 | Akstursíþóttasvæði og/eða akstursæfingabrautir | 1 | | 21.000 |
| 12401 | Alifuglarækt | 1 | | 28.000 |
| 523100 | Apótek með matvöru- og snyrtivörusölu | 1 | | 31.500 |
| 522500 | Áfengisverslun | 0,25 | | 7.000 |
| 158102 | Bakarí, verslun, minni háttar veitingasala | 1 | 1 | 45.000 |
| 158103 | Bakarí | 1 | 0,5 | 41.500 |
| 158104 | Bakarí og veitingasala | 2 | 0,5 | 61.000 |
| 505001 | Bensínstöð og sala á varasömum efnum og/eða matvöru í neytendaumbúðum | 1 | | 24.500 |
| 505002 | Bensínstöðvar og sala á óvarinni matvöru og/eða varasömum efnum | 1 | 1 | 66.000 |
| 505000 | Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 1 | | 22.750 |
| 502001 | Bílgrein, lítil bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 10.500 |
| 5020010 | Bílgrein, litlar bónstöðvar, viðgerðaraðstaða o.þ.h. | 1 | | 17.500 |
| 5020011 | Bílgrein, ryðvörn o.þ.h. | 1 | | 35.000 |
| 5020012 | Bílgrein, smurstöðvar | 0,5 | | 10.500 |
| 5020013 | Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir, lítið umfang | 0,5 | | 7.000 |
| 5020014 | Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja | 1 | | 24.500 |
| 5020015 | Bílgrein, hjólbarðaverkstæði | 0,5 | | 7.000 |
| 5020016 | Bílgrein, viðgerðaraðstaða, tækjageymsla með olíubirgðum | 1 | | 24.500 |
| 5020017 | Bílgrein, verkstæði fyrir þungavinnutæki o.þ.h. | 1 | | 42.000 |
| 5020020 | Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði | 1 | | 26.250 |
| 5020050 | Bílgrein, margþætt starfsemi | 1 | | 45.500 |
| 5020070 | Bílgrein, bifreiðasprautun | 1 | | 21.000 |
| 5020080 | Bílgrein, réttingaverkstæði | 0,5 | | 10.500 |
| 5020090 | Bílgrein, þvotta- og bónstöðvar | 1 | | 21.000 |
| 5030030 | Bílgrein, partasala < 3 stæði | 2 | | 28.000 |
| 5030040 | Bílgrein, partasala > 3 stæði | 2,5 | | 35.000 |
| 5530180 | Brauðstofur | 0,5 | 0,5 | 22,500 |
| 52.24.01 | Brauð- og kökuverslun án vinnslu | 1 | 1 | 28.500 |
| 9000100 | Brenna | 1 | | 21.000 |
| 503001 | Bifreiðavarahlutaverslanir, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 11.375 |
| 503002 | Bifreiðavarahlutaverslanir sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 1 | | 29.750 |
| 285201 | Blikksmíði | 0,5 | | 7000 |
| 524612 | Byggingavöruverslanir, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 11.375 |
| 524611 | Byggingavöruverslanir sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 57.750 |
| 853211 | Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn | 0,5 | | 10.500 |
| 851142 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, án eldhúss | 1 | | 35.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýna-fjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 851143 | Dvalar- og hjúkrunarheimili ásamt eldhúsi | 2 | 1 | 66.000 |
| 852002 | Dýralæknastofa | 0,5 | | 10.500 |
| 930102 | Efnalaug og/eða þvottahús | 0,5 | | 24.500 |
| 851145 | Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug | 4 | 5 | 134.000 |
| 372001 | Endurvinnsla úrgangs | 1 | | 31.500 |
| 752301 | Fangageymsla | 1 | | 21.000 |
| 752302 | Fangelsi | 1 | | 28.000 |
| 853240 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaðir o.þ.h. | 1 | | 21.000 |
| 853262 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaðir o.þ.h. með eldhúsi | 1 | 1 | 45.000 |
| 853261 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaðir o.þ.h. án eldhúss | 1 | | 28.000 |
| 522304 | Fiskbúðir | 1 | 1 | 32.750 |
| 152020 | Fiskverkun | 1,5 | | 36.750 |
| 552102 | Fjallaskálar | 0,5 | | 8.750 |
| 632302 | Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | | 35.000 |
| 851491 | Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | | 10.500 |
| 748102 | Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 0,5 | | 10.500 |
| 266100 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | | 24.500 |
| 266300 | Framleiðsla á steinsteypu | 1 | | 24.500 |
| 11210 | Framleiðsla á baunaspírum | 1,5 | 1 | 28.375 |
| 156102 | Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 1 | 1 | 41.500 |
| 158801 | Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu | 1 | 1 | 34.500 |
| 158501 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | | 24.500 |
| 153304 | Framleiðsla tilbúinna rétta | 2 | 1 | 59.000 |
| 802101 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - án mötuneytis | 0,5 | | 17.500 |
| 802103 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - með mötuneyti | 1 | | 52.000 |
| 802204 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu | 1 | 3 | 52.000 |
| 804220 | Fræðslustarfsemi, danskólar, ökuskólar, tónlistarskólar o.þ.h. | 0,5 | | 10.500 |
| 631206 | Gasbirgðastöðvar | 1 | | 24.500 |
| 900004 | Gámastöð | 1 | | 14.000 |
| 551102 | Gisting, hótel, veitingasala | 2 | 1 | 80.000 |
| 551201 | Gisting, gistiheimili eða minni háttar hótel með veitingasölu | 1 | | 34.500 |
| 551202 | Gistiheimili án veitingasölu | 1 | | 24.500 |
| 551204 | Gisting, heimagisting | 0,25 | | 5.250 |
| 552303 | Gisting, starfsmannabústaðir, starfsmannabúðir | 1 | | 24.500 |
| 261100 | Gleriðnaður, litill og minni háttar sala varasamra efna | 0,5 | | 10.500 |
| 261200 | Gleriðnaður | 1 | | 21.000 |
| 141100 | Grjótnám til bygginga og mannvirkjagerðar | 0,5 | | 17.500 |
| 801001 | Grunnskóli án mötuneytis | 0,5 | | 17.500 |
| 801003 | Grunnskóli með mötuneyti | 1,5 | 1 | 57.000 |
| 524910 | Gæludýraverslun | 0,5 | | 11.375 |
| 853223 | Gæsluvellir og opin leiksvæði | 1 | | 21.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýna-fjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 930200 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | | 12.250 |
| 930201 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | | 10.500 |
| 514421 | Heildverslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 1 | | 29.750 |
| 514500 | Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru, minni háttar | 1 | | 21.000 |
| 514501 | Heildverslun með snyrtivöru | 1 | | 33.250 |
| 851211 | Heilsugæslustöðvar | 0,5 | | 10.500 |
| 853110 | Heimili fyrir börn og unglinga | 0,5 | | 12.250 |
| 926201 | Hestahald, hesthúsasvæði | 1 | | 29.750 |
| 926202 | Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþóttasvæði | 1 | | 21.000 |
| 245101 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 1 | | 84.000 |
| 851494 | Húðflúrstofur | 2 | | 42.000 |
| 851495 | Húðgötun | 1 | | 21.000 |
| 361501 | Húsgagnaiðnaður með lökkun | 0,5 | | 12.250 |
| 926104 | Íþróttahús, lítil | 1 | | 21.000 |
| 926106 | Íþróttahús | 1 | | 35.000 |
| 926107 | Íþróttavellir | 1 | | 21.000 |
| 524613 | Járnvöruverslanir minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 11.375 |
| 555203 | Kaffihús, lítið | 0,5 | | 7.000 |
| 366300 | Kertaverksmiðja | 0,5 | | 4.550 |
| 151304 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 2 | 51.500 |
| 151305 | Kjötvinnsla með reykingu | 2 | 4 | 110.000 |
| 151301 | Kjötvinnsla | 2 | 4 | 103.000 |
| 554002 | Krár, kaffihús án matsölu | 3 | | 42.000 |
| 554001 | Krár, kaffihús með matsölu | 3 | 1 | 88.750 |
| 158701 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla | 1 | 0,5 | 29.500 |
| 921302 | Kvikmyndahús með veitingastarfsemi | 1,5 | 0,5 | 52.250 |
| 152080 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 1 | 41.500 |
| 923101 | Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 1 | | 21.000 |
| 923103 | Leikhús með veitingastarfsemi | 1 | 0,5 | 52.250 |
| 853224 | Leikskólar án mötuneytis | 1 | | 35.000 |
| 853222 | Leikskólar með mötuneyti | 2 | 1,5 | 69.500 |
| 930401 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 0,5 | | 10.500 |
| 930402 | Líkamsræktarstöðvar | 1 | | 21.000 |
| 930405 | Líkamsræktarstöðvar, með heitum pottum | 2 | 1 | 41.500 |
| 748103 | Ljósmyndastofur með framköllun | 0,5 | | 10.500 |
| 244200 | Lyfjagerð | 1 | | 38.500 |
| 851221 | Læknastofur | 0,5 | | 10.500 |
| 851222 | Læknahús, röntgen, aðgerðastofa | 0,5 | | 12.250 |
| 142100 | Malar- og sandnám - efnistaka á vatnsverndarsvæði | 2 | | 49.000 |
| 553011 | Matsölustaðir, litlir | 3 | 1 | 88.750 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýna-fjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 553012 | Matsölustaðir | 3 | 2 | 98.750 |
| 553017 | Matsöluvagnar | 1 | 1 | 31.000 |
| 521121 | Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 1,5 | 1 | 41.500 |
| 521122 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 2 | 66.200 |
| 521123 | Matvöruverslun án vinnslu | 1 | 1 | 34.500 |
| 521124 | Matvöruverslun, lítil | 1 | 1 | 24.000 |
| 521130 | Matvörusala minniháttar | 1 | | 14.000 |
| 522700 | Matvörusala í sérverslun | 1 | 1 | 24.000 |
| 523100 | Matvöru- og snyrtivörusala (sérhæfð s.s. apótek) | 1 | | 31.500 |
| 285101 | Málmiðn; sandblástur | 1 | | 28.000 |
| 285201 | Málmiðn; blikksmíði | 0,5 | | 7.000 |
| 285202 | Málmiðn; járn-, ál- og stálsmiðjur | 1 | | 21.000 |
| 291100 | Málmiðn; vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 1 | | 24.500 |
| 292301 | Málmiðn; kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 1 | | 31.500 |
| 351101 | Málmiðn; Dráttarbraut, skipaviðgerðir og tengdur rekstur | 1 | | 43.750 |
| 351102 | Málmiðn; Flotkví, skipaviðgerðir og tengdur rekstur | 1,5 | | 78.750 |
| 275001 | Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | | 14.000 |
| 524621 | Málningarvöruverslanir | 1 | | 36.750 |
| 285100 | Meðferð og húðun málma | 1 | | 28.000 |
| 515703 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 1 | | 26.250 |
| 515702 | Móttaka brotamálms | 2 | | 63.000 |
| 555102 | Mötuneyti | 1 | 1 | 39.750 |
| 555101 | Mötuneyti, lítið (allt að 25 gestir) | 1 | | 21.000 |
| 145000 | Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 1,5 | | 36.750 |
| 930409 | Nuddstofur | 0,5 | | 10.500 |
| 268291 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | | 35.000 |
| 212101 | Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,5 | | 10.500 |
| 252101 | Plastiðnaður | 1 | | 21.000 |
| 252102 | Plastiðnaður (vinnsla með plast- og frauðefni) | 0,5 | | 10.500 |
| 252200 | Plastiðnaður (framleiðsla á umbúðaplasti) | 1 | | 24.500 |
| 222291 | Prentiðnaður | 0,5 | | 10.500 |
| 245100 | Pökkun á sápuefnum | 1 | | 24.500 |
| 314001 | Rafgeymaverksmiðjur og -verkstæði | 0,5 | | 10.500 |
| 316201 | Rafvélaverkstæði | 0,5 | | 10.500 |
| 555201 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 2 | 1 | 54.000 |
| 555202 | Sala á tilbúnum mat | 3 | 1 | 88.750 |
| 853140 | Sambýli með þjónustu allan sólarhringinn | 0,5 | | 10.500 |
| 554003 | Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 0,5 | | 10.500 |
| 554005 | Samkomusalir með eldhúsi | 1 | | 26.250 |
| 851113 | Sjúkrahús, deildaskipt, röntgen, eldhús | 2,25 | 1,5 | 101.625 |
| 851411 | Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h. | 0,5 | | 10.500 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýna-fjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 553021 | Skemmtistaðir án matsölu | 1 | | 24.500 |
| 926108 | Skíðaskálar, skíðasvæði | 1 | | 50.950 |
| 927201 | Skotvellir | 1 | | 17.500 |
| 900002 | Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe | 1 | | 35.000 |
| 900003 | Skólphreinsistöðvar, aðrar | 1 | | 28.000 |
| 553014 | Skyndibitastaðir, litlir | 2 | 1 | 62.500 |
| 553015 | Skyndibitastaðir | 3 | 2 | 98.750 |
| 930202 | Snyrtistofur | 0,5 | | 10.500 |
| 523301 | Snyrtivöruverslun | 1 | | 28.000 |
| 523302 | Snyrtivörusala, minni háttar | 0,5 | | 7.000 |
| 900007 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | | 28.000 |
| 900005 | Spilliefnaflutningar og móttaka spilliefna | 1 | | 29.750 |
| 930407 | Sólbaðstofur | 1 | | 24.500 |
| 930408 | Sólbaðstofur með heitum pottum | 1,5 | 1 | 46.750 |
| 401002 | Spennaviðgerðir | 0,5 | | 10.500 |
| 401001 | Spennistöðvar | 0,5 | | 10.500 |
| 267000 | Steinsmíði | 1 | | 21.000 |
| 267001 | Steinsmíði, minni háttar | 0,5 | | 10.500 |
| 801004 | Sumarbúðir | 1 | | 24.500 |
| 153301 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 1 | 41.500 |
| 926101 | Sundstaðir, litlir | 3 | 2 | 93.500 |
| 926102 | Sundstaðir | 5 | 5 | 172.500 |
| 158401 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 0,5 | 40.000 |
| 851311 | Tannlæknastofur | 0,75 | | 21.000 |
| 158600 | Te- og kaffiframleiðsla | 0,5 | 0,5 | 17.250 |
| 552203 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 1 | | 19.250 |
| 521130 | Tóbakssala | 2 | | 21.000 |
| 203092 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | | 12.250 |
| 203091 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 1 | | 24.500 |
| 401003 | Varaaflstöðvar, olíubirgðir < 1600 l | 0,5 | | 10.500 |
| 401004 | Varaaflstöðvar, olíubirgðir > 1600 l | 1 | | 22.750 |
| 524992 | Varahlutaverslanir, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 10.500 |
| 410006 | Vatnsveita, < 1.000 íbúa | 4 | 2 | 25.750 |
| 410005 | Vatnsveita, 1.000 – 5.000 íbúa | 6 | 8 | 174.500 |
| 410003 | Vatnsveita, 10.001 – 50.000 íbúa | 12 | 18 | 369.900 |
| 410004 | Vatnsveita, 5.000 – 10.000 íbúa | 12 | 14 | 329.000 |
| 410007 | Vatnsveita, einka | 1 | 1 | 25.750 |
| 5020017 | Véla- og tækjageymsla án olíubirgða | 0,5 | | 7.000 |
| 514420 | Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni, minniháttar | 0,5 | | 11.375 |
| 526201 | Verslunarmiðstöð | 1 | | 28.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýna-fjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 524991 | Véla- og tækjasölur, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 11.375 |
| 5020013 | Viðgerðaraðstaða | 0,5 | | 17.500 |
| 851144 | Vistheimili | 0,5 | | 11.725 |
| 631202 | Vörugeymslur | 1 | | 24.500 |
| 631203 | Vörugeymslur, litlar | 0,5 | | 11.375 |
| 851493 | Yogastofur, heilun o.fl. | 0,5 | | 10.500 |
| 930102 | Þvottahús og efnalaugar | 1 | | 24.500 |